

Þriðjudaginn 11. júní 1991.

Nr. 386/1989. **Sigurbjörn Rúnar Kristjánsson**

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Ingimundi hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómenn. Sjóveðsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1989. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 263.110 krónur með 56,4% ársvöxtum frá 3. ágúst 1988 til 1. september s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags í héraði, 22. nóvember 1988, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti fyrir tildæmdum fjárhæðum í Helgu, RE 49, sbr. 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnamáls fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nr. 7117/1990, en þá kom fyrir dóm vitnið Guðmundur Ingi Sigurvinsson.

Fram er komið, að til orðasennu kom milli áfrýjanda og skipstjóra út af veiðarfærum. Fallast ber á það álit héraðsdóms, að ummæli skipstjórans hafi ekki mátt skoðast sem uppsögn miðað við aðstæður. Héraðsdómur skal því vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda 60.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Rúnar Kristjánsson, greiði stefnda, Ingimundi hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. september 1989.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september sl., er höfðað af Sigurbirni Rúnari Kristjánssyni stýrimanni, kt. 111059-3819, Háuhlíð 10, Sauðárkróki, með stefnu, þingfestri 22. nóvember 1988, á hendur útgerðarfélaginu Ingimundi hf., kt. 660169-4159, Súðarvogi 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 263.110 með 56,4% ársvöxtum frá 3. ágúst 1988 til 1. september s.á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og vaxta á málskostnað 15 dögum frá birtingu dóms.

Enn fremur krefst stefnandi sjóveðsréttar fyrir tildæmdum fjárhæðum í Helgu, RE-49, skv. 1. tl. 197. gr. I. nr. 34/1985.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að í ágústmánuði 1987 hafi hann verið ráðinn 1. stýrimaður á Helgu, RE-49, en það skip sé í eigu stefnda. Þriðjudaginn 3. maí 1988, er skipið var að rækjuveiðum með trolli, hafi stefnandi tekið eftir því, að trollið fór illa í sjó. Hafi verið ákveðið að stytta í svokölluðum „höfuðlínugranda“, næst þegar veiðarfærin yrðu dregin um bord. Hafi þessi lagfæring verið gerð skömmu síðar með fullu samþykki skipstjórans. Eftir að veiðarfærin voru látin aftur í sjó, hafi skipstjórinn komið að máli við stefnanda og sagt, að engin breyting hefði orðið á veiðarfærunum, auk þess sem stefnandi hefði örugglega mælt vitlaust, þar sem hann notaði gleraugu. Hefði komið til snarpra orðaskipta þeirra í millum, sem lauk með þeim hætti, að skipstjóri hefði sagt stefnanda, að hann gæti komið sér í land. Er stefnandi kom í land, hefði hann haft samband við skrifstofu stefnda og rætt þar við Ara nokkurn skrifstofumann. Hefði Ari boðið stefnanda að vinna hinn lögbundna þriggja mánaða uppsagnarfrest, og hefði stefnandi fallist á það að fengnu samþykki skipstjórans. Seinna sama dag hefði stefnandi rætt við Ara aftur og einnig Ármann Friðriksson, stjórnarformann stefnda, og hefði þá verið samhljóða niðurstaða þeirra, að stefnandi ætti ekki rétt á neinum uppsagnarfresti.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi byggir á því, að hann hafi haft gildan ráðningarsamning, er skipstjóri Helgu, RE-49, vék honum fyrirvaralaust úr starfi 3. maí 1988, enda hafi fagleg orðaskipti ekki gefið skipstjóra tilefni til uppsagnar stefnanda.

Stefnandi vísar einnig til sjómannalaga nr. 35/1985 kröfu sinni til stuðnings. Með vísan til ofanritaðs telji stefnandi sig eiga fullan rétt til launa í þrjá mánuði frá fyrirvaralausri uppsögn að telja, þ.e.a.s. frá 3. maí til 3. ágúst 1988, sbr. 2. mgr. 9. gr. 1. nr. 35/1985. Í kröfugerð sé miðað við kauptryggingu og fastakaup skv. kaupskrám LIÚ og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

1. Kauptrygging 3. maí — 3. ágúst 1988	232.943
2. Fastakaup sama tíma	4.735
3. Orlof 10,17%	25.432
Samtals	263.110

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi vísar í málavaxta til skýrslu Viðars Benediktssonar skipstjóra á dskj. nr. 10, þar sem ágreiningi skipstjórans og stefnanda er lýst þannig, að Sigurbjörn hafi ekki verið sammála skipstjórnum um stillingu á efri gröndurum á veiðarfærum, og hefði hann verið með áróður þess efnis um borð við áhöfnina. Skipstjórinn hefði komið niður í borðsal 3. maí 1988 og bent Sigurbirni á skekkju á teikningu, sem hann var með, af lásnum í göndurunum. Hefði Sigurbjörn brugðist ókvæða við og sagt: „Troddu þessu upp í rassgatið á þér.“ Hefði skipstjóri þá reiðst og svarað að bragði: „Troddu þér upp á bryggju, þegar við komum í land.“ Til frekari orðaskipta hefði ekki komið milli þeirra í túrnum. Sigurbjörn hefði verið ráðinn um borð sem 2. stýrimaður og 1. í afleysingum, og hefði hann verið 2. stýrimaður í umræddum túr. 4. maí 1988 hefði hann gengið af skipinu með allt sitt dót án þess að tala við skipstjórann og biðjast afsökunar á þessari ósvífni. Síðar sama dag hefði Ari Guðmundsson, skrifstofumaður hjá Ingimundi hf., haft samband við skipstjóra og spurt, hvað hefði skeð í sambandi við Sigurbjörn, og hefði skipstjóri svarað því til, að hann hefði farið í land með allt sitt dót án þess að tala við kóng eða prest.

Stefndi mótmælir þeim skilningi, sem fram kemur í aðilaskýrslu stefnanda, að ummælin „og hann skyldi bara troða þessum andskotans lásnum upp í rassgatið á sér“ falli undir hugtakið „fagleg orðaskipti“. Þá mótmælir stefndi því algerlega sem rangri fullyrðingu, að skipstjóri hafi vikið stefnanda fyrirvaralaust úr skipróminu með þeim ummælum, að stefnandi gæti

troðið sér upp á bryggju, þegar í land væri komið. Hér hafi eingöngu verið um að ræða reiðiviðbrögð við þeim grófu og ruddalegu ummælum stefnanda, sem að framan greinir. Ekki verði séð, hvernig stefnandi hafi getað tekið ummæli skipstjóra alvarlega eða bókstaflega, fyrst stefnandi ætlaðist ekki til þess, að skipstjóri tæki ummæli hans alvarlega eða bókstaflega, enda hvort tveggja sagt í skyndibræði.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi sjálfur gefið sér það, að hann hefði verið rekin af skipinu. Þar sem um slíkt hafi alls ekki verið að ræða af hálfu skipstjóra, heldur hafi stefnandi ákveðið sjálfur að hætta fyrirvaralaust á skipinu, eigi hann engan rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar.

Stefndi leggur áherslu á þá grundvallarreglu vinnuréttar, að sá aðili í vinnuréttarsambandi, sem haldi því fram, að um fyrirvaralausa brottvísun hafi verið að ræða, verði að sanna þá fullyrðingu sína, sé því mótmælt af hálfu hins aðilans. Beri stefnandi því sönnunarbyrðina um, að honum hafi verið vikið fyrirvaralaust úr skipinu 3. maí 1988.

Að vísu verði að telja, að skipstjóri hafi mælt þau orð við stefnanda, sem áður greinir, í sennu aðila 3. maí 1988. Stefnandi verði þó ekki talinn hafa haft heimild til að leggja þann skilning í þau, að skipstjóri ætlaðist til þess, að stefnandi færi þegar alfarinn úr skiprúmi, enda hafi stefnanda verið innan handar að krefja skipstjóra þegar yfirlýsingar um það, hvort orðin skyldi skilja á þann veg, en það hafi stefnandi ekki gert. Verði því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, sbr. hæstaréttardóm 1941, 82.

III.

Niðurstaða.

Málsatvik eru óumdeild. Telja verður ljóst, að þau ummæli skipstjóra, sem urðu tilefni þess, að stefnandi yfirgaf skipið, hafi verið sögð í bræði í orðasennu þeirra í milli og eftir að stefnandi hafði látið falla ummæli í garð skipstjóra, sem hann taldi ruddaleg.

Ekki verður á það fallist með stefnanda, að ummæli skipstjóra: „Troddu þér upp á bryggju, þegar við komum í land“, — feli í sér ótvíræða uppsögn úr starfi, og bar stefnanda að ganga úr skugga um, að sá hefði verið tilgangur skipstjóra með ummælunum. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi sjálfur vikið úr skiprúmi fyrirvaralaust. Ósannað er, að hann hafi farið fram á að fá að vinna í uppsagnarfresti, og liggur fyrir, að hann hafði sjálfur aldrei samband við skipstjóra vegna þessa, en upplýst er, að skipstjóri réð hann á skipið á sínum tíma og hafði með mannaráðningar að gera.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eður atvikum hæfilega ákveðinn kr. 80.000, þ.m.t. söluskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, útgerðarfélagið Ingimundur hf., Súðarvogi 6, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sigurbjörns Rúnars Kristjánssonar, Háuhlíð 10, Sauðárkróki, í máli þessu.

Stefnandi, Sigurbjörn Rúnar Kristjánsson, greiði stefnda, útgerðarfélaginu Ingimundi hf., kr. 80.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
